



## **Betri kostnaðaráætlanir í vegagerð – Áfangaskýrsla 2 . Guðrún María Guðjónsdóttir og Baldvin Einarsson. Efla hf. – mars 2023.**

Ágrip skýrsluhöfunda:

Í þessari skýrslu er fyrst fjallað um ýmis vandamál við gerð kostnaðaráætlana. Rannsóknir hafa sýnt að við gerð þeirra ríkir meiri bjartsýni um kostnað en innistæða er fyrir. Það á ekki síst við um verkefni á fyrri stigum áætlanagerðar.

Kynnt er aðferðafræði við gerð kostnaðaráætlana frá tveimur aðilum; í fyrsta lagi frá AACE í Bandaríkjunum og í öðru lagi frá vegagerðinni í Noregi. Í báðum þessum aðferðum er lögð mikil áhersla á mat á óvissu og ófyrirséðum atburðum við framkvæmdir við samgönguverkefni. Einnig er lögð áhersla á að forsendur og kostnaðarmat sé vandlega skráð í kostnaðarskýrslu. Og loks er talið mikilvægt að fá samanburð á verkum við sambærileg verkefni sem hafa verið kláruð – ytra viðmið.

Í báðum aðferðum er gerð óvissugreining með tölfræðilegum aðferðum til að meta óvissu í magntöku og einingarverðum við áætlanagerðina. Byggja aðferðirnar á að meta líklegustu gildi og efri og neðri mörk bæði á magni og verði. Til þess að slíkar aðferðir séu raunhæfar er nauðsynlegt að kanna hvernig þessar grunneiningar áætlanagerðar dreifast á Íslandi.

Fengnar voru niðurstöður úr einingarverðum og magnuppgjöri fjölda verkþátta úr Framkvæmdakerfi Vegagerðarinnar undanfarin ár. Í kerfinu eru geymdar allar niðurstöður tilboða í verk í útboðum Vegagerðarinnar. Unnið hefur verið úr niðurstöðunum og eru ýmsar niðurstöður úr þeirri greiningu birtar í þessari skýrslu. Í fyrstu áfangaskýrslu var sjónum eingöngu beint að breytileika í einingarverðum. Í þessari áfangaskýrslu hefur breytileiki í magni einnig verið tekinn fyrir auk þess sem sett er fram tillögur að dreifingu á einingarverði og magni fyrir hina ýmsu verkþætti.